

**Dagskrá fundar Félagsstjórnar SLFÍ,
haldinn 26. febrúar, 2016 kl. 10.00 í félagsaðstöðunni**

Mættir til fundar:

Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður
Kristín Ólafsdóttir, varaformaður
Jóna Jóhanna Sveinsdóttir, gjaldkeri
Guðrún Elín Björnsdóttir Norðurlandsdeild vestri
Helga S. Sveinsdóttir, Suðurlandsdeild
Guðbjörg Sólveig Sigurðardóttir, Vesturlandsdeild
Hafdís Dögg Sveinbjarnardóttir, Norðurlandsdeild eystri
Áslaug Steinunn Kjartansdóttir Vestmannaeyjadeild
Viktoría Magnúsdóttir, Suðurnesjadeild
Jóhanna G Þórðardóttir, varaformaður Vestfjarðadeildar
Stefanía Stefánsdóttir, Austfjarðadeild
Jakobína Rut Daníelsdóttir, varamaður í framkvæmdastjórn
Fjarverandi
Jóhanna Traustadóttir, ritari, Reykjavíkurdeild
Ólöf Jóna Friðriksdóttir varamaður í framkvæmdastjórn
Fundarritun:
Gunnar Örn Gunnarsson, framkvæmdastjóri SLFÍ

- 1. Fundur settur**
- 2. Fundargerð síðasta fundar**
- 3. Staðan í kjaramálum**
- 4. Undirbúningur Fulltrúafings**
 1. Mál sem lögð voru fram fyrir 1. febrúar
 1. Lagabreytingar
 2. Ársskýrslur deilda
 3. Fjárhagsáætlanir deilda
 4. Staðan hjá uppstillinganefnd
- 5. Aðalfundur EPN**

Fulltrúar frá Íslandi
- 6. EPN ráðstefna**
 - a. Erindi frá Íslandi
 - b. Gestagjafir
 - c. Rútuferð með gesti
- 7. Lífeyrismál**

Álit stjórnar á kynningarfundum BSRB
- 8. Sjúkraliðatalið og saga félagsins**
- 9. Atburðir á afmælisárinu**
- 10. Menntamál**

Sérnam sjúkraliða (menntunarmöguleikar)

Fundargerð

1. Fundur settur

Kristín Á Guðmundsdóttir (KÁG) formaður Sjúkraliðafélags Íslands (SLFÍ) setti fund, bauð stjórnarmenn velkomna til fundar og gerði grein fyrir að Jóhanna Traustadóttir ritari væri veik. Bauð Jóhönnu G Þórðardóttur frá Vestfjörðum sérstaklega velkomna.

2. Fundargerð síðasta fundar samþykkt og komin á netið

Gunnar Örn Gunnarsson (GÖG) SLFÍ gerði grein fyrir að fundargerð síðasta fundar væri samþykkt og komin á netið.

3. Staðan í kjaramálum

- KÁG og GÖG fóru yfir stöðuna í kjaramálum:
 - Átta fundir hafa verið haldnir undir stjórn ríkissáttasemjara með Samninganefnd sveitarfélaga SNS. Á síðasta fundi lögðu fulltrúar SNS fram tilboð um launahækkunir á komandi samningstímabili. Tíboðið er mun lægra en SNS hefur nú þegar samið um við önnur stéttarfélag og fulltrúar SNS héldu því fram að draga þurfi frá hluta af þeim hækkunum sem samið var um við SLFÍ í síðasta kjarasamningi vegna væntanlegs SALEKS samkomulags. Samninganefnd SLFÍ telur tilboðið algjörlega óásættanlegt og í engu samræmi við launakjör sambærilegra stétta hjá sveitarfélögunum. Fulltrúar í samninganefnd SLFÍ munu funda með félagsmönnum og fara yfir stöðuna varðandi næstu skref. Næsti fundur hefur verið boðaður þriðjudaginn 16. febrúar. Farið var yfir nýjasta tilboðið frá SNS og það rætt og skýrt.
 - KÁG fór einnig yfir það sem gerist í júní varðandi pottana hjá ríki og SFV og skýrði að pottarnir fari mjög sennilega á lægstu launin.
 - Gerð var grein fyrir að Ísafold væri komið til ríkisins, en þar eru sjúkraliðar á launum sveitarfélaga og í það verður haldið eftir fremsta megni.
 - Farið var yfir samstarfsnefndarfundi sem verið hafa og komandi fundi, nefnt var sérstaklega það sem datt út hjá Reykjavíkurborg. Fórum í starfsmat hjá Rey. og það var skýrt.
 - Stofnanasamningurinn við Heilbrigðisstofnun Norðurlands (HSN) er frágengin í samræmi við kröfur félagsins. Vinnan við gerð þessa samnings hefur staðið yfir frá apríl 2015.
 - Fór einnig yfir að búið væri að semja við HSU um einn sameiginlegan samning og Helga fór yfir hvernig framkvæmdin væri á þeirri innleiðingu. Ekkert gerist sjálfkrafa.
 - Verið er að vinna í að koma á þeim vinnuhópum, sem bókað var um í síðustu kjarasamningum. Félagið er búið að skipa sína fulltrúa og senda á viðsemjendur, en ekki hafa borist tilnefningar frá vinnuveitendum og því er vinnan ekki komin af stað. Vinnunni á að vera lokið fyrir 1. apríl 2016 (stubbavaktir) og fyrir 1. júní 2016. (endurskoðun á starfsemi fræðslusjóða og greiðslur í starfsþróunarsjóð).
Fór einnig yfir bókanir um menntamál.

Félagsstjórnarmenn ræddu stöðuna á sínum stofnunum.

4. Undirbúningur fulltrúapings

Farið var yfir skipulag Fulltrúapings SLFÍ á komandi vori.

- KÁG gerði grein fyrir að 1. febrúar var komin ósk um lagabreytingar vegna bókana í síðasta kjarasamningi vegna menntasjóða félagsins. Unnið verður með lagabreytingarnar í samstarfi við laganefnd félagsins og þær verða klárar fyrir þingið. Engar aðrar óskir bárust. Stefanía formaður Austurlandsdeildar lagði fram skriflega beiðni um færslu Hornfirðinga yfir í Suðurlandsdeild sem lögð var fram á aðalfundi austurlandsdeildar og var það samþykkt þó beiðnin bærst of seint til félagsins vegna misskilnings.
- Jóna Jóhanna Sveinsdóttir (JJS) fór yfir alla ársreikningar og fjárhagsáætlanir deilda voru lagðar fram og ræddar.
 - Suðurlandsdeild samþykkt.
 - Vestmannaeyjardeild fór fram á hækkun frá síðasta ári, en samþykkt var minni hækkun en farið var fram á.
 - Vestfirðir fóru fram á sama og síðasta á ári og var það samþykkt.
 - Reykjavíkudeildin fór fram á sama og síðasta á ári og var það samþykkt.
 - Austurlandsdeild fór fram á hækkun frá síðasta ári, en samþykkt var minni hækkun en farið var fram á.
 - Vesturlandsdeildin fór fram á hækkun frá síðasta ári, en samþykkt var minni hækkun en farið var fram á.
 - Norðurland Vestra, óbreytt frá því í fyrra og var það samþykkt.
 - Norðurland Eystra fer fram á örlitla hækkun frá í fyrra og var það samþykkt.
- Allar ársskýrslur eru komnar.
- Jakóbína Rut varaformaður Uppstillinganefndar fór yfir stöðu mála í þeirri nefnd. Rætt var um ábyrgð þeirra sem tækju að sér að vera fulltrúar í hverri nefnd fyrir sig.

5. Aðalfundur EPN 30. maí á Íslandi

Farið var yfir hverjir verði fulltrúar SLFÍ á fundinum. Tillaga framkvæmdastjórnar er að fulltrúar félagsins verði KÁG, KÓ og BÓ og var það samþykkt af félagsstjórn.

6. EPN ráðstefnan á Íslandi mánaðamótin 31. maí – 2.júní 2016

Farið var yfir hvert helsta málefni ráðstefnunnar verður og hver flytur erindi frá Íslandi.

- JJS gerði grein fyrir gestagjöfum og hver fengi hvað og KÁG fór yfir hvað verði gert með ráðstefnugestum og hvert verði haldið í ferðalag.
- KÁG ræddi hvort ekki væri eðlilegt að fulltrúar í félagsstjórn kæmu á ráðstefnuna á kostnað félagsins. Allir sammála því. Ákveðið var að styrkja þá félagsmenn sem búa úti á landi til að koma á ráðstefnuna úr Starfsþróunarsjóði án þess að það komi niður á eigin inneign.
- Umræða var um hvort SLFÍ ætti að bjóða til málsverðar á milli ráðstefnu og rútuferðar og þar mæti m.a. félagsstjórn. Ákveðið var að halda boð í

félagsaðstöðu SLFÍ. Í ferðina um Snæfellsnes verður framkvæmdastjórn með í ferð.

7. Lífeyrismál

Farið var yfir vinnufund BSRB um lífeyrismál og í stuttu máli gerð grein fyrir umræðunni. Væntanlegar breytingar á lífeyrisréttindum opinberra starfsmanna voru ræddar. Farið var m.a. yfir hvort núverandi réttur sé stjórnarskrárvarinn og mun lögfræðingur BSRB skoða það nánar. Einnig var rætt um möguleika á stofnun C deildar fyrir þá sem kæmu inn nýir.

Rætt var um áframhaldandi vinnu vegna SALEK og skipulag vinnufundar sem verður 7. maí í Hörpu, en sá fundur mun verða með „þjóðfundarstíl“. Ákveða þarf hvernig fulltrúar SLFÍ verða valdir og velja borðstjóra frá félaginu og þjálfra þá.

Fram kom hjá félagsstjórn mikil ánægja með fundinn sem var til kynningar á lífeyrismálum hjá BSRB.

8. Sjúkraliðatalið og saga félagsins

Örn Þorvarðarson og Karítas Ólafsdóttir kona hans mættu á fundinn og gerði hann grein fyrir hver staðan er í vinnslu félagatalsins og sögu félagsins. Góð umræða var um gang mála. Staðan í sögu félagsins er góð, en aðeins eru komnir 1100 sjúkraliðar sem hafa skráð sig í félagatalið.

9. Atburðir á afmælisárinu

- KÓ fór yfir skipulag atburða á 60 ára afmælisárinu. 18. nóvember verður hátíðardagurinn, málþing verður þann dag og umræðuefnið verður „Sjúkraliðar hér og þar“ og verður á Hótel Natura. Framvegis verður umhaldsaðili á hátíðinni. Móttaka verður að lokinni ráðstefnu þ.s. fleiri gestir koma.
- Aðilar sem stutt hafa stéttina baráttunni í gegnum tíðina verða heiðraðir í tilefni af deginum og einnig ákveðnir sjúkraliðar sem verið hafa virkir í baráttunni og vinnu í þágu félagsins og félagsmanna.
- Rætt var um hvort sjúkraliðar af landsbyggðinni verða styrktir til að koma. Stjórn Starfsþróunarsjóðs skoðar málið og ákveður styrk upphæð.
- Menntamál. Birna Ólafsdóttir (BÓ) formaður fræðslunefndar fór yfir framhaldsnámið fyrir sjúkraliða í sérhæfðum störfum og benti á að tæpt hafi verið á að námið hafi farið í gang vegna fæðar umsókna. Námið er krefjandi, en vinnuveitendur hafa verið jákvæðir og gefið frí þegar þess hefur þurft. Náminu er dreift á tvö ár og mjög mikið af því hefur verið verklegt eða um 500 tímar. Mikil ánægja er með námið.

BÓ fór yfir að gott væri ef félagsstjórnarfolk brýni fyrir þingfulltrúum að láta vita af sér í tíma þannig að hægt sé að kaupa ódýrt flug og fá gistaðstöðu.

BÓ fór einnig yfir þau námskeið sem Framvegis býður og áréttaði að þau væru í fjarfundarbúnaði. BÓ benti á mögulegt væri fyrir landsbyggðarsjúkraliða að óska eftir sértæku námskeiði fyrir þá og þá væri möguleiki á að halda slíkt námskeið.

BÓ fór einnig yfir námskeiðin sem nú eru í gangi á vegum Starfsmenntar fyrir vaktavinnufólk og hvatti sjúkraliða til að til að taka þátt í þeim.

Fram kom hjá félagsstjórn, að ýmislegt væri í veginum fyrir landsbyggðarfolk að koma á námskeið og ill mögulegt væri fyrir landsbyggðarsjúkraliða að taka þátt í framhaldsmenntuninni.

BÓ sagði að nú væri hægt að kenna annað framhaldsnám Geð/Öldrun í öðrum skólum landsins ef ákveðinn fjöldi nema fengjust. Spurt var hvort hægt væri að fá FÁ til að kenna viðbótarnámið í fjarkennslu. Bent var á að slíkt nám hefur verið í boði.

Minnti á Íslandsmótið sem verður í 29. september og benti á þá erfiðleika sem verið hafa við að fá skólana til að taka þátt.

Önnur mál

- Jakobína Rut fór yfir fræðsludag Framhaldsdeildarinnar sem verður haldinn í sal BSRB 6. apríl 2016. Svára þarf fyrir 8. mars.

Fundi slitið kl. 16.55